

Samband ungra jafnaðarmanna:

Persónukosningar í verkalyðshreyfingunni

— nýr forseti ASÍ á að „þekkja störf og stéttarvitund hins almenna launþega“

BING Sambands ungra jafnaðarmanna, sem haldið var um helgina, samþykkti ályktun um að tafarlaust verði teknar upp persónukosningar í verkalyðshreyfingunni í stað listakosninga, sem staðið hafi í vegi fyrir eðlilegri endurnýjun forystuliðs verkalyðshreyfingarinnar. Einnig samþykkti þingið að leggja

eigi áherzlu á skattalækkun sem kjarabót fyrir hina lægra laun- udu.

Þá skoraði SUJ — þingið á fulltrúa Albýðusambandsþings að velja ASÍ nýjan forseta „úr sínum röðum, sem þekki störf og stéttarvitund hins almenna launþega.“ „Mér sýnist nú ljóst, hvað þessi

samþykkt þýðir,“ sagði Snorri Guðmundsson, nýkjörinn formaður SUJ, er Mbl. spurði hann í gærkvöldi um ástæður þessarar áskorunar. „Við teljum einfaldlega ekki annað rétt en að forseti ASÍ komi úr röðum þeirra, sem gerst þekkja aðstæður hins almenna launþega. Til dæmis treystum við ekki öðrum manni til að berjast fyrir lífeyrissjóðamál- um launþega svo dæmi sé tekið.“

Mbl. spurði Snorra þá, hvort túlka ætti þessa áskorun sem áskorun um að kjósa ekki Ásmund Stefánsson sem forseta ASÍ. „Ég veit ekki til þess að þessi samþykkt beinist gegn Ásmundi sérstaklega,“ svaraði Snorri. „En það má vel vera, að hún hafi komið til vegna umtals um hann sem hugsanlegt forsetaefni. Við teljum að ekki eigi að kjósa forseta ASÍ úr röðum þeirra, sem búa við allt önnur kjör, til dæmis í lífeyrissjóðsmálum, en þorri þeirra manna, sem eru í ASÍ.“

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Mbl. aflaði sér um umræður manna á þingi SUJ um forseta- embættið í ASÍ, ræddu menn um Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason og Jóhönnu Sigurðar- dóttur sem hugsanleg forsetaefni úr röðum Albýðuflokksmanna og hafi Jóhanna komið sterkust þeirra þremminganna út úr þeim umræðum.

Snorri Guðmundsson var kjör- inn formaður SUJ, Helga Guð- mundsdóttir varaformaður, Guð- mundur Árni Stefánsson ritari, Jón Ólafsson, gjaldkeri, og með- stjórnendur Heimir Sigtryggsson og Þorsteinn Davíðsson.

Þing SUJ:

Formaður utanríkis- málaneftndar felldur

BJARNI P. Magnússon var kjör- inn formaður utanríkismála- nefndar Sambands ungra jafnað- armanna á þingi þess um helgina og hlaut Bjarni 32 atkvæði, en Guðmundur Bjarnason, sem var formaður nefndarinnar, hlaut 21 atkvæði. Í stjórn með Bjarna voru kjörnir Bjarni Sigtryggsson, sem

Tveir verð- miðar á vörum eftir 1. nóv.

ÁKVEDIÐ hefur verið að frá og með 1. nóvember nk. verði vörur í verzlunum verðmerktar með tveimur verðum, núverandi verði og því verði, sem gilda mun eftir áramótin, þegar nýkrónan hefur tekið gildi. Er þetta gert til þess að venja fólk við gjaldmiðilsbreyt- inguna. Að undanfögnu hafa farið fram viðræður milli verðlagsyfir- valda og kaupmanna og kaupfé- laga um þetta mál.

Olíumöl lögð á Þorlákshafnarveg

Þorlákshöfn, 1. október.

Á MÁNUÐAG, 29. sept., var byrjað að leggja olíumöl á Þor- lákshafnarveginn, sem er um 8 km langur. Undirbúningsvinna hefur verið mikil, enda hefur þessi vegur oft verið illfær og er þetta því mikil og langþráð vegabót.

Aðalframkvæmdir á vegum Ölf- ushrepps eru, að sögn Þorsteins Garðarssonar sveitarstjóra, þess- ar: Sundlaugarbygging, 11x25 m að stærð, búningaklefar, snyrting o.fl. eru í 150 fermetra húsi og að auki er hreinsitækjahús um 35 fermetra. Áætlað er að verja um 90 milljónum króna í verkið á þessu ári og stefnt er að því að taka sundlaugina í notkun um næstu áramót. Hannes Gunnars- son byggingameistari hefur séð um verkið. Þá er á áætlun að byggja leikskóla fyrir 40 börn, 240 fermetra hús, verið er að leggja dreifikerfi hitaveitu í Bäsahraun, sem er nýbygging, 8—10 hús, en hitaveitan var sem kunnugt er tekin í notkun í desember sl. og hefur reynst í alla staði vel, en kostnaður við hitaveituna liggur ekki endanlega fyrir. Steyptir hafa verið kantar á þær götur í

þorpinu, sem olíumöl er komin á, 30 einbýlis- og raðhús eru í byggingu hér nú og eru á ýmsu byggingarstigi.

Ragnheiður

„Lostafulli ræninginn“

ÚT ER komin bókin „Lostafulli ræninginn“ og er það Lystaræning- inn, sem sér um útgáfuna. Riti þessu er ætlað að koma út árs- fjórðungslega. Í ritinu eru nú sögur eftir tvo íslenska höfunda, þá Gunnar Gunnarsson og Sigurð Jóhannsson. Erlendu höfundarnir, sem eiga sögur í ritinu eru Henry Miller og Anias Nin. Að auki eru fjórar stuttar sögur úr „Þúsund og einni nótt“ í Lostafulla ræningi- anum að þessu sinni.

FÍM-skekkjur

Í MBL. sl. sunnudag var þáttur af þeim FÍM-mönnum sem skipa kjarna haustsýningar FÍM. Þar sem sagt var af Þórði Hall var missagt hvað væri sáldþrykk. Setningin átti að vera svona: „Sáldþrykk er einn möguleiki grafiklistar“ en ekki: Sáldþrykk „er þegar það er litur í grafik- myndum“. Litur getur nefnilega verið í öllum grafikmyndum. Í þætti af Valtý Péturssyni féll niður setningarhluti; setningin sú er rétt svona: „Valtýr Pétursson nam erlendis og hann sýndi fyrst í París 1949.“ Og þegar sagt var af Ásgerði Búadóttur urðu minni myndir að „litminni myndir“!



Afmælissýning í Kópavogi

Nýtt, betra og bjartara húsnæði



Húsgagnaverslun Guðmundar tíu ára

Í tilefni afmælisins efnum við til veglegrar húsgagnasýningar í nýju og björtu húsnæði að Smiðjuvegi 2 í Kópavogi. Um leið og við opnum nýja verslun í Kópavogi lokum við Húsgagnaverslun Guðmundar í Hagkaupshúsinu. Verið velkomin á afmælissýningu Húsgagnaverslunar Guðmundar á Smiðju- vegi 2, Kópavogi.

Komið og heimsækið okkur í nýja húsnæðinu. Við búumst við ykkur.

Við erum farin úr Hagkaupshúsinu!

Húsgagnaverslun Guðmundar
Smiðjuvegi 2, Kópavogi